

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 515/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

1. gr.

Með vísan til 5. gr. reglugerðar nr. 515/2005 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti, en í greininni er fjallað um endurúthlutun á tollkvótum, bætist við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer:	<i>Nautgripakjöt – Vöruliðir 0202 og 0210:</i>				
0202.3xxx	Kjöt af dýrum af nautgripa- kyni, fryst	15.10.05 – 30.06.06	10.000	0	487

2. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer:	<i>Kjöt af dýrum af nautgripa- kyni, fryst</i>				
0202.3001	Hakkað	15.10.05 – 30.06.06	35.000	0	153

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 4. október 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Breyting á deiliskipulagi í klasa 7 og 8.

Á fundi sveitastjórnar Akraness sem haldinn var þann 14. júlí 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasa 7 og 8 á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að klasanum er breytt úr fjölbýlis- og raðhúsabyggð í einbýlis- og parhúsaloðir. Innkeyrslur í klasann verða tvær í stað einnar áður. Íbúðir verða 28 og skiptast þannig að tólf íbúðir verða í sex parhúsum og sextán íbúðir í einbýlishúsum. Nýtingarhlutfall lóða 0.35 – 0.50.